

Rétt er, að sveitarstjórnir hlutaðeigandi hreppa geri með sér samning til tiltekins tíma um bætur fyrir áganginn eftir ástæðum á hverjum stað. Greiðast slík uslagjöld af hlutaðeigandi fjallskiladeild. 77
11. júlí

9. gr.

Eftir að hreppsnefnd hefur ákveðið að vorsmölun sé lokið og til fyrstu gangna má enginn smala afrétt né gera afréttarpeningi ónæði, nema með leyfi hreppsnefndar.

10. gr.

Rétt er þeim, sem verður fyrir ágangi á engjum sínum af sumargöngufé, að kæra það fyrir hreppsnefnd og getur hann skotið máli sínu til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumargöngu, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum, sem heimili eiga utan hrepps, nema með samþykki hreppsnefndar, þar sem landið liggur. Þetta á þó eigi við þar sem fjallskiladeild nær til tveggja hreppa eða fleiri.

Ekki hefur eigandi lands, er liggur innan takmarka sýslufélagsins, sé hann hann búsettur utan þess, rétt til að nota það til upprekstrar, nema samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur, komi til.

Telji hreppsnefnd, að of mörgu fé sé sleppt til sumargöngu í þau lönd, sem að hreppsmörkum liggja, getur hún krafizt ítölu, samkvæmt ákvæðum ítölulaga.

III. KAFLI

Fjárréttir.

12. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir.

Aðalréttir eru nú:

Miðvíkurrétt við Vikurskarð, Gljúfrárrétt í Höfðahverfi, Lokastaðarétt, Dælisrétt og Tungurétt hjá Illugastöðum í Fnjóskadal, Nausteyrarrétt á Flateyjardal, Fellsrétt í Kinn, Lillutungurétt, Fótarrétt og Viðikersrétt í Bárðardal, Baldurheimsrétt og Reykjahlíðarrétt í Mývatnssveit, Hallbjarnarstaðarétt í Reykjadal, Hraunsrétt í Aðaldal, Skógarrétt í Reykjahverfi, Tungugerðisrétt á Tjörnesi og Húsavíkurrétt.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt. Á aukarétt skal rétta fyrr en á aðalrétt þeirri, er aukaréttin heyrir undir, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

13. gr.

Skylt er hverri fjallskiladeild að annast byggingu og viðhald nauðsynlegra rétta á sínu svæði. Skulu fjáreigendur, sem sókn eiga til réttar, sjá sér þar fyrir nægilegu dilkrúmi á sinn kostnað, og hlíta samþykktum fjallskiladeildar um gerð þeirra, ef um nýbyggingu réttar er að ræða. Sama gildir um aðrar fjallskiladeildir, sem fjár geta átt von á réttinni.

Kostnað af byggingu almennings og geymslurúms ber fjallskiladeildin.

14. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum, eða færa gamla rétt á annan hentugri stað, og skal þá hreppsnefnd sú eða hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, bera málið undir atkvæði búenda í fjallskiladeildinni á almennum fundi.

Sé um aukarétt að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrétt þarf samþykki sýslunefndar til þess, að ákvörðun sé gild.